

AUGLÝSING

um deiliskipulag hafnarsvæðis á Oddeyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkt deiliskipulag vöruhafnar á Oddeyri þann 16. desember 1997. Deiliskipulagssvæðið er sunnan Fiskitanga og austan Hjalteyrargötu. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akureyri, 4. júní 1998.

F.h. Akureyrarbæjar,

Árni Ólafsson skipulagsstjóri.

REGLUGERÐ

um (29.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka 4 við reglugerðina:

Efni.	Hámarks magn og/eða takmarkanir.	Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils.	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Cetirizinum.	Töflur 10 mg. Mest 10 stk. handa einstaklingi.	Histal , töflur.	Fylgiseðill samkvæmt ákvörðun lyfjaneftdar ríkisins.
Levonorgestrelum Ethinylestradiolum.	Töflur. Í hverri töflu levonorgestrelum 0,25 mg, ethinylestradiolum 50 míkrog. Mest 4 stk. handa einstaklingi.	Tetragnon , töflur.	Fylgiseðill samkvæmt ákvörðun lyfjaneftdar ríkisins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast gildi 1. júlí 1998.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 5. júní 1998.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.